



Borgarráð

### **Suðurlandsbraut 75, Steinahlíð - Samkomulag**

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi samkomulagi við Barnavinafélagið Sumargjöf vegna lóðar Sumargjafar að Suðurlandsbraut 75.

#### **Greinargerð**

Samkomulag þetta byggir á viðræðum aðila vegna undirbúnings að leiðarkerfi Borgarlínu um svæðið Ártúnshöfði – Suðurlandsbraut, sem er hluti 1. lotu Borgarlínu. Gert er ráð fyrir Borgarlínustöð við Vogabyggð og því þarf sennilega að breyta lóðarmörkum Steinahlíðar sem er erfðafestuland í eigu Sumargjafar.

Nákvæm lega Borgarlínu liggur ekki fyrir. Hönnun, greiningarvinna og útfærslur á einstaka hlutum, t.d. gatnamótum, götusniðum og gangbrautum, stendur enn yfir, en við gerð þessa samkomulags er gengið út frá þeirri forsendu að borgarlínan fari nærri eða yfir lóð Steinahlíðar og fari þaðan yfir Sæbrautarstokk um það bil við Knarrarvog 2. Verði lega Borgarlínu með þeim hætti að hún fari lítillega yfir lóð Steinahlíðar mun Reykjavíkurborg tryggja Sumargjöf sambærilegt aðliggjandi land að stærð og gæðum þannig að Sumargjöf sé eins sett og fyrir skiptin.

Með samkomulagi þessu getur Reykjavíkurborg breytt lóðarmörkum Sumargjafar um allt að 5000 fermetra með tilfærslu á lóðarmörkum.

Eins eru aðilar sammála um að efla samstarf um rekstur á landi Sumargjafar og bæta aðstöðu og aðbúnað barna í Steinahlíð. Stefnt verði að því að gera Steinahlíð og lóðina umhverfis að grænum unaðsreit með aukinni áherslu á ræktun, þ.e. garðrækt, trjárækt og matjurtarækt. Steinahlíð verði opin almenningi sem gróðurvin og útivistarsvæði, að því marki sem leikskólastarfið heimilar. Gengið verður frá sérstöku samkomulagi um kostnaðarþátttöku Reykjavíkurborgar í tengslum við þróun lóðarinnar.

Samkomulag er um að horft verði til frekari uppbyggingar á lóð Steinahlíðar með fjölgun leikskólarýma í huga.

Samningateymi Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og landeigendur vegna Borgarlínu í Reykjavík.

Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar, formaður.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, skrifstofustjóri á umhverfis- og skipulagssviði.

Ívar Örn Ívarsson, deildarstjóri lögfræðiskrifstofu SBB.

Hjálagt:

Drög að samkomulagi við Barnavinafélagið Sumargjöf dags. 14.júní 2022

Barnavinafélagið Sumargjöf, kt. 440169-0829, Pósthólf 5423, 125 Reykjavík, í samkomulagi þessu nefnt „Sumargjöf“ og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, í samkomulagi þessu nefnt „Reykjavíkurborg“, gera með sér svofellt;

## SAMKOMULAG

um hugsanlegar breytingar á lóðarmörkum Steinahlíðar vegna Borgarlínu

### 1. gr.

#### *Inngangur*

Samkomulag þetta byggir á viðræðum aðila vegna undirbúnings að leiðarkerfi Borgarlínu um svæðið Ártúnshöfði – Suðurlandsbraut, sem er hluti 1. lotu Borgarlínu. Gert er ráð fyrir Borgarlínustöð við Vogabyggð og því þarf sennilega að breyta lóðarmörkum Steinahlíðar sem er erfðafestuland í eigu Sumargjafar.

Nákvæm lega Borgarlínu liggur ekki fyrir. Hönnun, greiningarvinna og útfærslur á einstaka hlutum, t.d. gatnamótum, götusniðum og gangbrautum, stendur enn yfir, en við gerð þessa samkomulags er gengið út frá þeirri forsendu að borgarlínan fari nærri eða yfir lóð Steinahlíðar og fari þaðan yfir Sæbrautarstokk um það bil við Knarrarvog 2-4. Verði lega Borgarlínu með þeim hætti að hún fari lítillaga yfir lóð Steinahlíðar mun Reykjavíkurborg tryggja Sumargjöf sambærilegt aðliggjandi land að stærð og gæðum þannig að Sumargjöf sé eins sett og fyrir skiptin, sbr. 2. gr.

Aðilar sammælast um að komi til þess að nýta þurfi hluta af lóð Steinahlíðar vegna Borgarlínu munu aðilar gera með sér samning um breytingu á lóðarmörkum sem byggir á samkomulagi þessu.

### 2. gr.

#### *Skipti á landi*

Fari Borgarlínan inn á lóð Steinahlíðar, Suðurlandsbraut 75, landeignanúmer L105689, með þeim hætti sem greinir í 1. gr. samkomulags þessa, mun Sumargjöf framselja til Reykjavíkurborgar til eignar allt að 5.000 fermetra af lóðinni Steinahlíð. Reykjavíkurborg mun í staðinn bæta við lóð Steinahlíðar sambærilegu landi og skal það liggja að lóð Steinahlíðar. Landið sem kemur í stað lands sem framselt er Reykjavíkurborg skal vera að lágmarki að mati Sumargjafar eða óháðs þriðja aðila af sömu gæðum og stærð og landið sem framselt er Reykjavíkurborg og vera nýtanlegt fyrir Steinahlíð. Reykjavíkurborg skal á sinn kostnað leggja nýja girðingu á lóðarmörkum í samráði við Sumargjöf. Að öðru leyti en að framan greinir kemur ekki til frekara endurgjalds af hálfu aðila vegna skipta á landi.

Komi til skipta á landi og breyttra lóðarmarkna Steinahlíðar mun Reykjavíkurborg vinna nýtt deiliskipulag á sinn kostnað og í samráði við Sumargjöf.

### 3. gr.

#### *Samstarf*

Aðilar eru sammála um að efla samstarf um rekstur á landi Sumargjafar og bæta aðstöðu og aðbúnað barna í Steinahlíð. Stefnt verði að því að gera Steinahlíð og lóðina umhverfis að grænum unaðsreit með aukinni áherslu á ræktun, þ.e. garðrækt, trjárækt og matjurtarækt. Steinahlíð verði opin almenningi sem gróðurvin og útivistarsvæði, að því marki sem leikskólaskólastarfið heimilar. Gengið verður frá sérstöku samkomulagi um kostnaðarþátttöku Reykjavíkurborgar í tengslum við þróun lóðarinnar.

Samkomulag er um að horft verði til frekari uppbyggingar á lóð Steinahlíðar með fjölgun leikskólarýma í huga. Um slíkt yrði gerður sér samningur.

Aðilar munu hafa með sér náð samstarf um þróun Steinahlíðar til framtíðar með það að markmiði að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði og þroska barna.

**4. gr.**

*Ýmis ákvæði*

Um leið og endanleg lega Borgarlínu liggur fyrir mun Reykjavíkurborg upplýsa Sumargjöf um hvaða afleiðingar Borgarlínan mun hafa á lóð Steinahlíðar. Muni Borgarlínan liggja um lóð Steinahlíðar skuldbinda aðilar sig til að samþykkja lóðarmarkabreytingar.

Komi til sammings milli aðila á grundvelli samkomulags þessa skal afhending lóðarhluta fara fram við undirritun sammingsins. Lóðum verður afsalað án kvaða og veðbanda. Lögskil vegna fasteignagjalda munu ekki fara fram. Reykjavíkurborg mun greiða stimpil- og þinglýsingargjald af samningi um breytingu á lóðarmörkum ef til kemur.

Um réttarsamband aðila og réttindi þeirra og skyldur gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup að svo miklu leyti sem ekki er samið um sérstök frávik í samningi.

Samkomulag þetta er gert í tveimur eintökum, einu handa hvorum aðila

Reykjavík, 14. júní 2022.

F.h. Barnavinafélagsins Sumargjafar:

F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara  
um samþykki borgarráðs:

---

---

Vottar að réttri dags., undirskriftum  
og fjárræði aðila:

---

Nafn og kennitala

---

Nafn og kennitala